

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 18. október 2022 í máli nr. 39/2022

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Ívar Halldórsson lögfræðingur.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 5. maí 2022 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y og Z hér eftir varnaraðilar.

### II

#### Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Af gögnum máls má ráða að sóknaraðili festi kaup á bifreið af gerðinni Land Rover Discovery, fastanr. [...], árgerð 2017, af varnaraðila Y þann 12. apríl 2019. Kaupverð bifreiðarinnar var að fjárhæð 8.590.000 krónur og var akstursnotkun hennar 31.000 km. við kaupin. Varnaraðili Z hafði milligöngu við sölu bifreiðarinnar. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili Y upplýst hana við kaupin að allri smurþjónustu hafi verið sinnt á bifreiðinni sem og annarri þjónustu. Þá hafi varnaraðili Y jafnframt tjáð henni að bifreiðin væri svokölluð „Approved“ bifreið sem hafi undirgengist svoneftnda 165 punkta skoðun. Þann 27. ágúst 2019 færði sóknaraðili bifreiðina til smurþjónustu hjá umboðsaðila, þá keyrða 42.754 km. og svo á ný hjá [...] þann 2. júlí 2020, þá keyrða 60.390 km. Í maímánuði 2021 varð vart við bilun í vél bifreiðarinnar og samkvæmt framlögðum tölvupósti frá starfsmanni umboðsaðila fékkst ekki þátttaka framleiðanda í viðgerðarkostnaði þar sem framleiðandi taldi að bifreiðin hefði ekki fengið nægilega gott viðhald og þjónustu hjá sóknaraðila. Er vísað til þess í umræddum tölvupósti að þegar sóknaraðili hafi fært bifreiðina til smurþjónustu 27. ágúst 2019 hafi bifreiðinni verið ekið 8.754 km. framyfir hámarks akstur sem leyfilegur hafi verið. Þá hafi smurþjónustu ekki verið sinnt af hálfu umboðsaðila í seinna skiptið, þann 2. júlí 2020 auk þess sem ekki lá fyrir að skipt hafi verið um loftsíu eða hráolúsíu í það skiptið. Þá kemur einnig fram að það sé mat umboðsaðila bifreiðarinnar að þörf sé á að skipta um mótör í bifreiðinni. Í málinu liggur fyrir staðfesting frá framleiðanda að bifreiðin var upprunalega ekki seld varnaraðila Y sem „Approved“ bifreið.

Sóknaraðili telur að varnaraðilar hafi ekki gefið upp réttar upplýsingar um ástand og ábyrgð bifreiðarinnar við kaupin. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðilar beri allan kostnað af vélarskiptum í bifreiðinni

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið laganna að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstaking sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með

seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi.

Úrskurðir kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa geta að meginreglu tekið til allra þátta í réttarsambandi neytenda og fyrirtækja. Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili og varnaraðili Y hafi samið sín á milli um kaup sóknaraðila á bifreiðinni [...]. Ekkert hefur verið lagt fram í málinu sem bendir til þess að sala varnaraðila Y á bifreiðinni hafi verið gerð í atvinnuskyni jafnvel þó tiltekið er í samningi aðila að varnaraðili Y væri starfsmaður varnaraðila Z. Getur hann því ekki talist seljandi í skilningi fyrrneftnds lagaákvæðis. Kvörtun sóknaraðila á hendur varnaraðila Y er því vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. liður 1. mgr. 14. gr. laganna.

Í 1. mgr. 16. gr. laganna segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi. Neftndinni ber að vísa kvörtun frá ef ágreiningurinn heyrir undir annan lögbundinn eða viðurkenndan úrskurðaraðila samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins.

Úrskurðarneftnd bílgreina hefur verið viðurkennd af ráðherra og starfar sem úrskurðaraðili í ágreiningsmálum, milli neytenda og seljenda, sem varða kaup á vöru eða þjónustu af fyrirtækjum innan Bílgreinasambandsins, sbr. 8. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og 1. gr. samþykktu úrskurðarneftndarinnar. Varnaraðili Z er aðili að Bílgreinasambandinu og heyrir ágreiningur máls þessa hvað hann varðar því undir úrskurðarneftnd bílgreina.

Kvörtun sóknaraðila á hendur varnaraðila Z er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt.

### III

#### Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson